

Sigur á Þór í fyrsta leik í úrslitakeppninni

Skrifað af Körfuboltadeild
Mánudagur, 24 Mars 2014 15:07

Fyrsta leik í úrslitakeppni Hattar og Þórs A. sem fara átti fram á föstudag var frestað til sunnudags vegna ófærðar. Á sunnudegi braust Hattarliðið af milkul harðfylgi yfir öræfin og tók sú ferð vel á sjöundu klukkustund. Björn Ingimarsson, bæjarstjóri, fór fyrir fámennri en góðmennri stuðningsveit og fylgdi sínu liði til Akureyrar.

Höttur vann leikinn 84-72 og leiðir þar með 1-0 í einvígi liðanna. Höttur komst í 0-8 í upphafi leiks og lét forystuna aldrei af hendi eftir það. Mjög góður liðssigur hjá Hetti en Austin skoraði 22 stig og Hreinn Gunnar var mjög öflugur í vörn og sókn og gerði 20 stig.

Leikur númer tvö í rimmunni við Þór er þriðjudaginn 25. mars kl. 18:30 á Egilsstöðum. Það lið sem fyrr vannur tvo leiki heldur áfram og mætir því liði sem vannur einvígi Fjölnis og Breiðabliks en þar leiða Fjölnismenn 1-0 eftir sigur í fyrsta leik.